# Tilkynning
## frá Stangaveiðifélagi Akraness
## um sölu 0g úthlutun veiðileyfa árið 2002

Aðalsöludagur veiðileyfa verður laugardaginn 16. febrúar n.k og fer fram að Suðurgötu 108.Þeir sem ætla að fá veiðileyfi, draga númer frá kl.11-12 og verða leyfin afgreidd eftir þeim númerum kl. 14 sama dag. Mánudagin 18. febrúar kl. 20-21,30 verða óseld veiðileyfi seld félagsmönnum á skrifstofu félagsins að Suðurgötu 108. Eftir það verða þau einnig boðin utanfélagsmönnum. Félagar þurfa að velja sér veiðifélaga og ber að nafngreina þá og veiðiá áður en númer er dregið og dregur einn fyrir sig og sína veiðifélaga. Fjarstöddum félögum er heimilt að gefa öðrum leyfi til að draga fyrir sig. Skylt er að greiða árgjald áður en dregið er.

Ákveðið hefur verið að gefa félagsmönnum kost á gjaldfresti á 50% keyptra veiðileyfa og einnig verður boðið upp á VÍSA-raðgreiðslur. Ef veiðileyfi verða ekki leyst út fyrir15.júní er stjórninni heimilt að ráðstafa þeim til annarra.Veiðileyfi verða seld eftir sömu reglu og áður,þannig að menn hafi frjálst val í þeirri röð sem afgreiðslunúmer segir til um, séu þeir mættir er sala hefst og kemur að þeirra númerum.

Í Fáskrúð eru 2 stangir á dag að undanskildum þrem partíum þar sem eru þrjár stangir á dag. Í Fáskrúð eru 2 dagar seldir saman út á nöfn tveggja félagsmanna. Þar hefst veiði kl. 16,00 komudag (kl.15,00 eftir 15. ágúst) og lýkur kl.13 heimfarardag. Í Laxá er seld ein og ein stöng út á eitt nafn félagsmanna. Skyldufæði er í Laxá og er verð þess innifalið í stangarverðinu. Þar hefst veiði kl. 07,00 og lýkur að kvöldi.
Hemillt er að koma í veiðihúsið kvöldið fyrir veiðidag

Í Glerá er ein stöng á dag. Á söludegi verður að eins einn dagur í boði fyrir hvern félagsmann, svo að sem flestir geti fengið þar dag sem þess óska.
Í Glerá hefst veiði kl. 07,00 og lýkur að kveldi.
Heimilt er að koma í veiðihúsið kvöldið fyrir veiðidag.

Ef ágreiningur kemur upp um ofanskráðar reglur, áskilur stjórnin sér rétt til að skera þar úr í hverju tilfelli. Ens og undanfarin ár mun Ólafur G. Ólafsson hjá Sjóv-Almennum, sími 431-2800 annast sölu veiðileyfa eftir áðurnefnda söludaga.

Akranesi 5. febrúar 2002
Stjórn SVFA

# Verðskrá SVFA 2002

## Fáskrúð

| Fjöldi stanga, | júní-júlí | stöng á dag |
|---|---|---|
| 2 stangir | 30.- 2. | kr. 17,900 |
| 2 stanga | 2.- 4. | kr. 19,900 |
| 2 stangir | 4.- 6. | kr 21,900 |
| 2 stangir | 12.-14. | kr. 24,950 |
| 2 stangir | 14.-16. | kr. 24,950 |
| 2 stangir | 16.-18. | kr 24,950 |
| 2 stangir | 24.-26. | kr. 24,950 |
| 2 stangir | 26.-28. | kr. 24,950 |
| 3 stangir | 28.-30. | kr. 24,950 |
| | **ágúst** | |
| 2 stangir | 5.-7. | kr. 24,950 |
| 2 stangir | 7.-9. | kr. 24,950 |
| 3 stangir | 9.-11. | kr. 24,950 |
| 2 stangir | 17.-19. | kr. 24,950 |
| 2 stangir | 19.-21. | kr. 24,950 |
| 3 stangir | 21.-23. | kr. 24,950 |
| 2 stangir | 29.-31. | kr. 23,700 |
| | **ág.-sept.** | |
| 2 stangir | 31.- 2. | kr. 22,000 |
| ~~2 stangir~~ | ~~2.- 4.~~ | ~~kr. 21,000~~ |
| 2 stangir | 10.- 12. | kr. 19,000 |
| 2 stangir | 12.- 14. | kr. 18,000 |
| 2 stangir | 14.- 16. | kr. 16,800 |

## Laxá í Leirárssveit

| Fjöldi stanga, | sept. | stöng á dag |
|---|---|---|
| 6 stangir | 7. | kr. 25,000 |
| 6 stangir | 8. | kr. 25,000 |

Fæði innifalið verðinu

## Glerá

| Fjöldi stanga, | júlí, | stöng á dag |
|---|---|---|
| 1 stöng | 8.- 21. | kr. 11,000 |
| | **ágúst** | |
| 1 stöng | 12.- 25 | kr. 11,000 |